



## Húsreglur Félagsbústaða

1. Íbúum er skylt að ganga þrífalega og hljóðlega um sameiginleg rými og lóð.
2. Íbúar skulu ætíð taka sanngjarnt og eðlilegt tillit til annarra íbúa og gæta þess að valda öðrum íbúum sem minnstu ónæði. Frá kl. 23:00 til 07:00 má enga háreysti hafa er raskað gæti svefnfrið manna í öðrum íbúðum.
3. Forðast skal alla háreysti í stigahúsi og börn skulu ekki hafa sameiginleg rými að leiksvæði.
4. Útidyr og allar hurðir að sameiginlegu rými skulu jafnan hafðar læstar.
5. Reykingar eru bannaðar í sameign hússins.
6. Sorp skal sett í umbúðir og vandlega lokað fyrir svo ekkert losni úr þeim á leið niður sorprásina. Íbúum ber að fylgja tilsettum reglum um sorpflokkun.
7. Í sameiginlegri hjóla og vagnageymslu er einungis heimilt að geyma reiðhjól, barnakerrur, barnasleða og vagna. Óheimilt er að geyma vélhjól í húsinu vegna eldhættu.
8. Óheimilt er að losa sig við eða geyma muni í sameign hússins, svo sem fyrir utan íbúðir, undir stiga eða í anddyri. Félagsbústöðum er heimilt að láta fjarlægja slíka muni á kostnað leigjanda.
9. Sameiginleg bílastæði eru eingöngu ætluð fyrir nothæfa bíla. Félagsbústöðum er heimilt að láta fjarlægja númerslausa bíla, kerrur og ferðavagna á kostnað eiganda þeirra enda sé þeim fyrst veitt skrifleg aðvörun.
10. Ekki má hengja þvott á svalir ofan svalahandriðs. Ekki skal geyma á svölum hússins nokkuð, sem valdið getur öðrum íbúum óþægindum eða spillt getur útliti.
11. Dýrahald er leyfilegt í fjölbýlishúsum Félagsbústaða en er háð almennum reglum og samþykktum íbúa sbr. 33. gr. a. í lögum um fjöleignahús nr. 26/1994 (sjá nánari leiðbeiningar á heimasíðu Félagsbústaða).
12. Óheimilt er að hafa til geymslu eldfim efni eða aðhafast nokkuð sem óþrífnaður, eldhætta eða óþefur er af. Ætíð skal fara varlega með eld.
13. Íbúar skipta með sér að jöfnu afnotum af sameiginlegu þvottahúsi þar sem það á við samkvæmt reglum sem um það hafa verið settar.
14. Íbúar eru ábyrgir fyrir sameignarskyldum, t.d. við þrif á sameign eða garðaumhirðu, þar sem það á við. Sé slíkum skyldum ekki sinnt er Félagsbústöðum heimilt að láta utanaðkomandi aðila um verkið á kostnað leigjanda.
15. Leigjendum er skylt að kynna rækilega gestum og öðrum sem á þeirra vegum fara um eða dvelja í húsinu reglur þessar og brýna fyrir þeim að fara að reglunum í einu og öllu.

### **Brot á reglum þessum geta valdið riftun á húsaleigusamningi.**

Í þeim fjölbýlishúsum sem Félagsbústaðir eiga stakar íbúðir ganga húsreglur hvers húsfélags fyrir sig framfar þessum reglum.